26. október 2026

Minnisblað vegna fuglalífs og fóðurgjafa á Höfuðborgarsvæðinu

---

Aðdragandi
Undanfarin þrjú ár hafa samtökin Dýravaktin fóðrað fugla á hinum ýmsu stöðum á stórhöfuðborgarsvæðinu. Samtökin eru rekin með frjálsum framlögum frá íbúum, fyrirtækjum og hafa auk þess sótt styrki til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsbær, Hafnarfjarðabær og Reykjavíkurborg hafa áður styrkt félagið annað hvort með beinum fjárstuðningi eða með inneign fyrir fóðurkaupum hjá söluaðilum. Áður en Dýravaktin var stofnuð annaðist Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) og umhverfis- og skipulagssvið fóðurgjafir við Reykjavíkurtjörn á meðan mestu frosthörkurnar stóðu yfir, sérstaklega þegar jarðbönn voru. Kópavogsbær sinnti einnig gjöfum við Kópavogstjörn í þeim aðstæðum.

Reynsla af fyrra samstarfi
Í kjölfar þess að Dýravaktin hóf reglulegar fóðurgjafir hefur komið í ljós að þær eru talsvert umfangsmeiri en kynnt var sveitarfélögum í upphafi. Í stað þess að fuglar séu fóðraðir þegar hart er í ári á völdum stöðum hafa fóðurgjafir verið framkvæmdar allt að fimm mánuði ársins, jafnvel oft á dag á að minnsta kosti tólf stöðum frá Seltjarnarnesi og út á Reykjanes. Þeir staðir þar sem vitað er til þess að fóðurgjafir hafi farið fram eru Reykjavíkurtjörn, friðland í Vatnsmýri, Ögurhvarf, Kópavogslækur, tveir staðir í Hamarskotslæk (Hafnarfjarðarlækur), Lækjarkinn, tjörnin við Hafnarborg, Ástjörn, tún á Álftanesi, Fitjar á Reykjanesi og Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, sem er friðlýst svæði.

Við Reykjavíkurtjörn hafa samtökin talið nauðsynlegt að gefa allt að 40 kg af fóðri á dag sem samsvarar 1,3 tonnum á mánuði. Til samanburðar hefur DÝR gefið um 3-10 kg af fóðri ákveðna daga við Reykjavíkurtjörn þegar þörf hefur verið á, við mestu frostahörkurnar. Fóðrið sem Dýravaktin hefur notast við hefur verið blanda af grasкögglafóðri, afgangsbrauði úr bakaríum og hamstrafóðri. Í sumum tilfellum endurspeglar fóðrið sem Dýravaktin gefur ekki fæðuval fugla í náttúrulegu umhverfi en einsleit fæða í lengri tíma getur haft neikvæð áhrif á heilsu þeirra.

Eftir að umfang fóðurgjafanna varð ljóst fundaði Reykjavíkurborg með fulltrúum Dýravaktarinnar og biðlaði er til þeirra að dregið yrði úr fóðurgjöfum á þeim stöðum þar sem þær fara fram daglega, hátt í 5 mánuði ársins. Jafnframt var þeim tilkynnt að DÝR myndi hér eftir annast það verkefni að fóðra fugla á Tjörninni þegar þörf væri á. Dýravaktin minnkaði ekki fóðurgjafirnar í kjölfar samtalsins og héldu samtökin fóðrun áfram alla daga, einnig þá daga sem Dýraþjónustan sá um það á Reykjavíkurtjörn.

Dreifing sjúkdóma og neikvæð áhrif á atferli og vatnsgæði
Ekki hefur staðið til að fóðra villta fugla daglega af hálfu sveitarfélaganna eða um margra mánaða skeið utan tímabila þar sem aðstæður kalla sérstaklega á slíkar aðgerðir enda getur

það haft meiri neikvæð áhrif á fuglalíf. Þá vekur það áhyggjur hvers vegna fóðurgjafirnar hafa orðið jafnútbreiddar og raun ber vitni án þess að fyrir liggi mat á þörf eða áhrifum þeirra.

Við fóðrun verður hópamyndun. Hópamyndun fugla er óheppileg með tilliti til smitsjúkdóma, má þar nefna fuglaflensu sem var skæð veturinn 2024-2025. Hópamyndun fugla vegna fóðrunar getur stuðlað að hraðari útbreiðslu þegar nýir sjúkdómar koma upp.

Þá getur regluleg fóðrun breytt náttúrulegu fæðuöflunaratferli fugla og rannsóknir (Galbraith et al., 2015; Plummer et al., 2015; Robb et al., 2008) hafa sýnt fram á breytingar á farleiðum og varphegðun sumra fuglategunda við slíkar aðstæður. Umfangsmiklar fóðurgjafir geta auk þess dregið úr hæfni fuglanna til að afla sér fæðu af sjálfsdáðum, sérstaklega þegar fóðrun er skyndilega hætt eftir langan tíma. Fulltrúar Dýravaktarinnar hafa lýst áhrifum þessara fóðurgjafa á atferli t.a.m. með því að ákveðnir fuglar komi sérstaklega að þegar fóðrun á sér stað. Þetta getur leitt til þess að ákveðnar tegundir fjölga sér óeðlilega mikið á kostnað annarra tegunda.

Staðbundnar fóðurgjafir hafa áhrif á uppsöfnun næringarefna í vatninu, geta dregið úr vatnsgæðum og haft neikvæð áhrif á annað lífríki sem fyrir er. Uppsöfnun næringarefna í vatni, annað hvort frá fóðri eða driti getur valdið súrefnisskorti og haft önnur neikvæð vistfræðileg áhrif. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála bera sveitarfélög ábyrgð á því að tryggja gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatna og vatnsfalla innan þeirra marka. Þá ber þeim að tryggja að ástand þeirra rýrni ekki. Fóðurgjafirnar sem um ræðir fara á bága við þessi markmið.

Niðurstaða sveitarfélaganna

Eftir ráðgjöf við fuglafræðinga, líffræðinga og sérfræðistofnanir á sviði náttúrufræða og með hliðsjón af öllu ofangreindu er það afstaða sérfræðinga sveitarfélaganna að ekki séu forsendur til að veita verkefninu fjárhagslegan stuðning. Fóðrun villtra fugla ætti fyrst og fremst að vera tímabundið úrræði við sérstakar aðstæður fremur en reglubundin starfsemi yfir lengri tíma. Þá ætti Dýravaktin að draga úr þeim fóðurgjöfum sem staðið er fyrir umhverfis höfuðborgarsvæðið.

Niðurlag

Með vísan til framangreinds telja sérfræðingar sveitarfélaganna ekki rétt að styðja við reglubundnar fóðurgjafir villtra fugla á höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðingar sveitarfélaganna leggja áherslu á að vernd fuglalífs og náttúrulegra vistkerfa byggi á bestu fáanlegu vísindalegu þekkingu og varúðarsjónarmiðum. Þótt markmið þeirra sem standa að fóðurgjöfum séu með velferð fugla að leiðarljósi geta umfangsmiklar og langvarandi fóðurgjafir haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu fugla, útbreiðslu sjúkdóma, tegundasamsetningu og ástand vistkerfis. Að mati sérfræðinga sveitarfélaganna ætti fóðrun villtra fugla vera takmörkuð við sérstakar aðstæður, þá daga sem jarðbönn eru eða vegna óvenjulegra veðurskilyrða. Einnig eiga slíkar aðgerðir að vera unnar í samráði við viðeigandi innlenda sérfræðinga og stjórnvöld.

Virðingarfyllst,

Sérfræðingar umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Dýraþjónustu Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar, umhverfissvið Kópavogsbæjar og skipulags- og umhverfissvið Seltjarnarness.

Heimildir

Galbraith, J.A., Beggs, J.R., Jones, D.N. & Stanley, M.C. (2015). Supplementary feeding restructures urban bird communities. Proceedings of the National Academy of Sciences, 112(20), E2648-E2657

Plummer, K.E., Siriwardena, G.M., Conway, G.J., Risely, K. and Toms, M.P. (2015), Is supplementary feeding in gardens a driver of evolutionary change in a migratory bird species?. Glob Change Biol, 21: 4353-4363.

Robb, G.N., McDonald, R.A., Chamberlain, D.E. & Bearhop, S. (2008). *Food for thought: supplementary feeding as a driver of ecological change in avian populations*. Frontiers in Ecology and the Environment, 6(9), 476-484.